

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

Sent með tölvupósti á: skipulagsfulltrui@mulathing.is

Reykjavík, 24. maí 2023

Umsögn - Rammaskipulag fyrir Stuðlagil á Jökuldal - Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Landvernd hefur kynnt sér fyrirbyggjandi rammaskipulag fyrir náttúruperluna og ferðamannastaðinn Stuðlagil á Jökuldal.

Landvernd fagnar því mjög að sjá svo metnaðarfullt rammaskipulag lagt fram vegna þessa eftirsóttta ferðamannastaðar. Um leið og leitast er við að tryggja sem best öryggi gesta innan alls svæðisins er rammaskipulagið í meginatriðum stjórnþæki til umferðarstjórnunar með það að markmiði að koma í veg fyrir náttúruskemmdir á viðkvæmstu svæðunum. Mikilvægt er að ná heildstætt á faglegan hátt utan um svæði sem hafa slíkar náttúruperlur geyma, ekki aðeins aðal perluna Stuðlagil heldur og Stuðlafoss og fl. svæði innan marka og því er sérstaklega ánægjulegt þegar landeigendur allir sem í hlut eiga hafa komist að svo góðu samkomulagi sem rammaskipulagið er um samræmda framtíðarsýn fyrir allt svæðið.

Mikilvægt er að öll uppbygging verði gerð í sátt við umhverfið og náttúruperluna sjálfa Stuðlagil þannig að gestir geti notið þessa náttúrufyrirbæris með lágmarksinnngripi á svæðinu þó óhjákvæmilegt sé að mæta uppbyggingu með talsverðum framkvæmdum og mannvirkjum ekki síst til að tryggja öryggi.

Þá skiptir vissulega mjög miklu að allt nánasta umhverfi Stuðlagils og þessa rammaskipulags er að mestu umleikið lítt eða ósnortnum heiðalendum sem er órjúfanlegur hluti þeirrar upplifunar sem gestir njóta við aðkomu að Stuðlagili.

Því er mjög mikilvægt þegar ráðist er í jafn kostnaðarsamar framkvæmdir og hér um ræðir við Stuðlagil að upplifun gesta verði ekki rýrð með annarskonar uppbyggingaráformum sem ganga beinlínis gegn markmiðum rammaskipulagsins sem búið er að leggja mikla vinnu í.

Í því sambandi verður að nefna áform um stærsta vindorkuver sem lagt hefur verið til hér á Íslandi einmitt í jaðri þessa svæðis sem að rammaskipulagið nær til. Ljóst er að bygging vindorkuvers á svæðinu myndi setja rammaskipulagið allt í fullkomið uppnám þar sem upplifun gesta yrði með allt öðrum og neikvæðum hætti þar sem áformað risa vindorkuver, svonefnd Klausturselsvirkjun myndi tróna yfir Stuðlagili og allri aðkomu að svæðinu og innan þess. Það eru því eindregin og vinsamleg ósk Landverndar að sveitarfélagið Múlaþing veiti ekki slíku verkefni brautargengi sem myndi ógna öllum þeim metnaðarfullu markmiðum sem rammaskipulagið hefur að geyma. Landvernd bendir á umsögn sína um matsáætlun Klausturselsvirkjunar¹.

Með vinsemd og virðingu
Auður Önnu Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri Landverndar

¹ [Klausturselsvirkjun - Landvernd](#)